Nr. 54 13. janúar 2020

# REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 1042/2003 um inntöku nýnema í læknisfræði og sjúkraþjálfunarfræði í læknadeild Háskóla Íslands.**

1. gr.

Á eftir 2. málslið 2. mgr. 3. gr. reglnanna bætast við tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef próftökugjald er innheimt, skal koma fram á heimasíðu læknadeildar hvenær greiðslu þess skuli lokið. Hafi greiðsla próftökugjalds ekki borist fyrir þann tíma, fellur réttur til að þreyta inntökuprófið niður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

a. 1. mgr. breytist og orðast svo:
   Undirbúningur prófsins fer fram af hálfu læknadeildar með sérstakri ráðgjöf, m.a. frá kennurum framhaldsskóla. Inntökuprófið tekur tvo daga, og samanstendur af sex tveggja tíma próflotum.
b. Á eftir orðunum „almennri þekkingu“ í 1. málslið 2. mgr. bætast við orðin: yrtri rökfærslu, upplýsingalæsi og lesskilningi, nálgun og úrlausn vandamála.
c. Í stað prósentutölunnar „15%“ í 2. málslið 2. mgr. kemur: 30%.
d. Í stað prósentutölunnar „55%“ í 1. málslið 3. mgr. kemur: 70%.
e. 4. mgr. breytist og orðast svo:
   Við gerð inntökuprófsins er aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 höfð til hliðsjónar.
f. 6., 7., 8. og 9. mgr. falla brott.
g. 2. málsliður núverandi 13. mgr. fellur brott.

3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fenginni tillögu heilbrigðisvísindasviðs, eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. 9. mgr. 102. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 13. janúar 2020.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*